

manna, já, svona er það. En nú er það annað og meira, sem eg er hugfanginn af":

Mærin leit til hans spyrjandi augum, en þagði.

„Pessar rannsóknir“, mælti hann enn fremur, „eru audvít-
að mjög þýðingarmiklar og samt er önnur spurning, sem svara
þarf, er hefir enn meiri áhrif á mannlífið. Aðaláherzlan lig-
gur ekki í trúarkreddum, eða hinum ýmislegu þýðingum trú-
flokkanna á orðum hinna helgu rita. Fyrir hvern mann er það
mest áriðandi að gera sér ljóst hvort hann hafi nokkuð ákveð-
inn tilgang með lífsstefnu sinni. Eg spyr því ei framar: Er
til þríeinn guð? Er Kristur getinn af heilögum anda? Eg spyr
nú að eins. Er nokkur tilgangur sem ræður lífsstefnu manna?
Og svo ættu allir að spyrja. Og svarið, sem hver einstakur
greiðir sjálfum sér, það skapar þá svo eðlilega lífsskoðun og
trúarform í fullu samræmi hvað við annað.

„En, faðir minn. Fyrirgefðu að eg segi það. Er nú til
nokkurs að vera að þrjóta heilann um þetta?“

„Já“. svaraði hann. „Það eru nokkrir sem eru neyddir
til þess. Þeir eru nú ekki móðins nuna; nei, eg veit það.
Þessi ákafi framkvæmdar tími heimtar það hart og kuldalega,
að sál og líkami lífi af einu saman brauði“.

Hann stóð upp, gekk, með hendurnar að baki lagðar, aftur
og fram um svalirnar. Það kom ætis á hana titringur, þegar
faðir hennar gekk svona og talaði með þessum ákafa um guð-
fræðisleg efni. Hún hafði engan áhuga á þeim. En hún vissi
að faðir sinn varð að hafa einhvær til að tala við um þau, og
þess vegna reyndi hún af öllum mætti að fylgjast með ræðuefní
hans. Hann tók það upp aftur og aftur hve óttalegt væri fyrir
þeim lífið, sem ekki væru í samræmi við sinn tíma, væru á
undan honum, og hefðu aðrar skoðanir en fjöldinn hálfblindir.

„Eg skil ekki almennilega hvert þú stefnir“, sagði mærin,
„ef til vill skildi eg betur ef þú nefndir mér dæmi“.

„En skilurðu það þá ekki, að eg get aldrei gleymt hver ör-
lög míni urðu“.

„Þú ættir að hætta að hugsa um það, faðir minn. Skeð